

# Starfsreglur undanþágunefndar

## 1. gr.

### Gildissvið og markmið.

Markmið starfsregla undanþágunefndar skv. 14. gr. laga nr. 30/2007 er að tryggja að skip séu ávallt mönnuð skipstjórnar- og vélstjórnarmönnun sem hafa tilskilin atvinnuréttindi í þær stöður og að tryggja að í undantekningartilfellum og þegar réttindamenn vantar til starfa fái þeir aðeins undanþágu sem hafa til þess tiltekna þekkingu og reynslu þannig að öryggi skips verði ekki skert.

## 2. gr.

### Réttindamenn vantar til starfa.

Undanþága er ekki veitt nema auglýst hafi verið eftir réttindamanni í starf það sem sótt er um undanþágu í og staðfesting þess efnis lögð fram með umsókn um undanþágu. Þó er heimilt að veita undanþágu til bráðabirgða, ef ekki hefur verið auglýst, enda liggja fyrir staðfesting frá útgerð skipsins um að hún hafi leitað að réttindamanni á lista stéttarfélags um skipstjóra/vélstjóra sem hafa tilskilin réttindi og eru á skrá hjá félaginu og eru í atvinnuleit.

Í öllum tilvikum þegar sótt er um undanþágu til að gegna starfi skipstjóra og yfirvélstjóra skal fylgja fullnægjandi sönnun þess að starfið hafi verið auglýst og að ekki hafi fengist réttindamenn í starfið, nema um afleysingar í neyðartilvikum sé að ræða.

Auglýsing skal ætíð birt í fjölmiðli sem dreift er um allt land.

## 3. gr.

### Næsta lægri staða

Sá einn getur fengið undanþágu sem hefur næsta réttindi til að gegna næstu lægri stöðu skv. ákvæðum 4. gr. reglugerðar nr. 1004/2010 eða til þess sem hefur lokið tilskilinni menntun og amk. innt af hendi amk. 50% þess siglingatíma sem krafist er til tilskilinna réttinda.

## 4. gr.

### Lengd undanþágu

Heimilt er að veita undanþágur til annarra starfa en skipstjórnar- og yfirvélstjórnarstarfa til lengri tíma en mánaðar þegar umsækjandi hefur lokið tilskilinni menntun og 50% af tilskildum siglingatíma eða þegar hann leggur fram staðfestingu um að vera í námi til tilskilinna réttinda og sýnir fram á eðlilega framvindu í námi.

## 5. gr.

### Fjöldi undanþága

Þegar umsækjandi hefur verið veitt undanþága í tvö skipti í tiltekna stöðu á tilteknu skipi er skráning í nám til tilskilinna réttinda og eðlileg framvinda í námi skilyrði fyrir frekari undanþáguveitingum. Með umsókn um undanþágu skal fylgja vottorð frá viðkomandi skóla þessu til staðfestingar.

Þó geta þeir sem fæddir eru árið 1960 eða fyrr eða hafa fengið amk. 2 undanþágur undanfarin 2 ár fengið áframhaldandi undanþágur í þær stöður að öðrum skilyrðum uppfylltum”.

6. gr.

#### Undanþága til skipstjóra og yfirvélstjóra

Í öllum tilvikum þegar sótt er um undanþágu til að gegna starfi skipstjóra og yfirvélstjóra skal fylgja fullnægjandi sönnun þess að starfið hafi verið auglýst og að ekki hafi fengist réttindamenn í starfið, nema um afleysingar í neyðartilvikum sé að ræða.

Undanþága til skipstjóra og yfirvélstjóra er aðeins veitt til mánaðar í senn. Ef óskað er eftir frekari undanþágum þarf að auglýsa starfið á nýjan leik og skal fylgja fullnægjandi sönnun þess að starfið hafi verið auglýst og að ekki hafi fengist réttindamenn í starfið.

7. gr.

#### Frávik frá mönnun

Ekki er veitt undanþága til starfa á skipi sem hefur samþykki mönnunarnefndar um frávik frá lögboðnum kröfum um mönnun skipsins nema undanþáguumsóknin sé um stöðu sem ekki þarf að manna skv. ákvörðun mönnunarnefndar.

8. gr.


#### Lagastoð og gildistaka.


Um undanþágur fer eftir 14. gr. laga nr. 30/2007 og reglugerð um undanþágur til skipstjórnar- og vélstjórnarstarfa á íslenskum skipum nr. 1004/2010 og eru reglur þessar settar til fyllingar ákvæðum sem þar koma fram.

Starfsreglur þessar taka þegar gildi, ákvæði 3. og 6. gr. um auglýsingar taka þó ekki gildi fyrr en 1. apríl 2011.

Kópavogi, 3. mars 2011.

  
Helgi Jóhannesson, formaður

  
Guðjón Armann Einarsson

  
Guðmundur Ragnarsson

\_\_\_\_\_  
Björn Jónsson

\_\_\_\_\_  
Guðfinnur Johnsen